


Alþingi
Erindi nr. P 126/1714
komudagur 29.3.2001



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Vagnhöfði 7, 110 Reykjavík, Sími 5676400, Símbréf 5676420,
Netfang: veidimalastofnun@veidimal.is, Veffang: www.veidimal.is

Greinargerð um friðun svæða með ströndum landsins fyrir eldi laxfiska í sjókvíum

Hér á eftir fer álitargerð Veidimálastofnunar um friðun tiltekinna svæða í sjó í nágrenni mikilvægra veiðivatna þar sem ekki verði heimilað kvíaeldi á laxfiskum, sbr. 3 mgr. 15 gr. laga nr 76/1970 um lax og silungsveiði með síðari breytingum. Álitargerðin er gerð að beiðni landbúnaðarráðherra.

Almenn atriði

Þegar litið er til friðunar svæða fyrir fiskeldisstarfsemi eins og kvíaeldi á laxi eru nokkrir þættir sem mikilvægt er að skoða. Í fyrsta lagi hvort dýrmætir náttúrulegir stofnar eru á svæðinu og hversu miklir veiðihagsmunir eru til staðar. Rannsóknir hafa sýnt að íslenskar ár hafa hver sinn einstaka stofn sem þróast hefur og aðlagast sínu umhverfi í um 10.000 ár frá síðustu ísöld. Mikilvægt er að vernda þennan líffræðilega fjölbreytileika (samanber Ríó samþykktina) og viðhalda þessari aðlögun stofnanna, sem er veigamikil forsenda fyrir því að þeir fái þar þrifist.

Þá er einnig litið til umhverfispáttá sem gera eldið erfitt og óhagfellt og geta aukið hættuna á áföllum þannig að lax sleppi út. Þeir þættir hafa hins vegar minna vægi en þeir fyrst töldu. Mikil skipaumferð, hafis, rekis, sterkir straumar og mikil ölduhæð á skjóllitlum svæðum eru þættir, sem valda því að fiskur sleppur fremur út í kvíaeldi á slíkum slóðum. Lágur sjávarhiti og fyrrnefndir þættir auk undirkælingar sjávar (undir 0 °C) draga úr hagsæld eldisins, auk þess að valda ísingarhættu á kvíum og eldisbúnaði.

Hættur samfara laxeldi eru fólgnar í erfðablöndun, sjúkdómum og sníkjudýrum auk óæskilegra vistfræðilegra áhrifa. Erfðablöndun verður með þeim hætti að lax sem sleppur gengur í ár þar sem náttúrulegur lax er og hrygnir með honum. Eldislaxinn og afkomendur hans hafa þegar til lengri tíma er litið minni lífsþrótt en náttúrulegur lax árinna (10.000 ára þróun). Ef blöndun er mikil og langvinn getur erfðamengi náttúrlega stofnsins tapast. Reynslan hérlendis og erlendis sýnir að lax, sem sleppur úr haldi, leitar á ný þegar kynþroska er náð á þann stað sem hann slapp. Þegar náttúran kallar leitar laxinn síðan í ferskvatn til hrygningar og þá gjarnan í ár þar sem hann finnur lykt af kynbræðrum sínum og systurum eða að hann slæst í för með laxi sem er á ferð um svæðið. Því verður að líta til

friðunar heilla fjarða eða flóa þar sem líklegt er að eldi innan svæðisins eða á mikilvægum farleiðum laxa geti stefnt stofnum í öllum firðinum eða flóanum í hættu.

Varðandi sjúkdóma og sníkjudýr eru farleiðir laxa, bæði seiða á leið til hafs og lax sem leitar til hrygningar líka um fjörðinn eða flóann og með ströndum og því getur smitmögnun sníkjudýra (laxalúsar) eða sjúkdóma orðið mikil þar sem eldi er og valdið náttúrlegum stofnum smiti og skaða. Meiri hætta er einnig á að smit berist í eldisstofn þar sem mikið er um laxfiska. Sama gildir um beitarsvæði sjógengins silungs með ströndum landsins. Beitarsvæðin eru nýtt yfir sumarið með ströndum landsins gjarnan innan sama flóa eða fjarðar og silungurinn er upprunninn úr. Ekki er æskilegt að þar sé umfangsmikið eldi af þessum sökum. Einnig getur lax sem sleppur borið með sér sjúkdóma þangað sem hann fer.

Það sem hér hefur verið sagt um lax gildir einnig um urriða og bleikju, bæði hvað varðar erfðir, sníkjudýr og sjúkdóma.

Mikilvægt verður að teljast að friðuð verði mörg helstu lax- og silungsveiðisvæði landsins, en jafnframt að laxfiskaeldi sé beint á ákveðin svæði þar sem reynsla fæst af eldinu, hagsæld þess og hvernig því gengur að starfa í sátt við náttúru þessa lands. Hægt er að endurskoða friðun svæða síðar í ljósi reynslunnar.

Ekki er lagt til að eldi regnbogasilungs eða geldra stofna sé bannað enda stafar ekki erfðablöndunarhætta af slíkum stofnum. Þó þarf að gæta varfærni hvað varðar sjúkdóma og sníkjudýr sem og vistfræðilegra þátta, þar sem slíkt eldi kann að verða leyft.

Laxfiskastofnar eru mikilvægir í íslenskri náttúru og auðga hana. Mikinn erfðabreytileika er að finna í þessum stofnum og mikilvægt að varðveita þann líffræðilega fjölbreytileika.

Umtalsverðir hagsmunir eru víða um land af veiði. Áætluð velta í kringum stangveiði er vel á 3 milljarð króna í landinu og hreinar tekjur til veiðiréttarhafa vel á annan milljarð króna og vaxandi. Víða eru þær tekjur grundvöllur búsetu fólks á landsbyggðinni og snar þáttur í ferðaþjónustu. Þá laðar veiðin að erlenda sem innlenda ferðamenn og færir fjármuni til landsins og frá þéttbýlinu út á landsbyggðina. Þessum hagsmunum má heldur ekki stefna í hættu með óvarlegum framkvæmdum í laxfiskaeldi. Ísland er eitt örfárna ríkja þar sem búsvæði laxfiska eru enn svo til öröskuð og stofnar þeirra óspilltir af mengun, ofveiði og sjúkdómum.

Friðuð svæði

Svæði 1. Í Faxaflóa innan línu sem dregin er frá Garðskaga að Malarrifi á Snæfellsnesi.

Í Faxaflóa falla margar bestu laxveiðiár landsins sem gefa um 40 % af heildarstangveiði á landinu samkvæmt skýrslum Veiðimálastofnunar. Þá er sjógenginn silungur í mörgum ám. Laxveiðiár við Faxaflóa eru margar, en nefna má nokkrar þær helstu (>200 laxa veiði); Elliðaár, Korpúlfsstaðaá, Leirvogsa, Laxá í Kjós, Laxá í Leirársveit, vatnasvæði Hvítár með mörgum veiðiám auk Hvítár sjálfrar, eins og Grímsá, Flókadalsá, Þverá, Norðurá og Gljúfurá, því næst eru ár norðan Borgarfjarðar, það eru Langá, Álftá, Hítará, Haffjarðará og Straumfjarðará. Margar minni veiðiár eru hér ótaldar.

Utanverður Faxaflói er skjóllítill og því talsverð hætta á að úr kvíum sleppi fiskur. Um 1990 voru nokkrar gerðir af úthafskvíum reyndar í Faxaflóa. Eldið gekk örðuglega, nætur rifnuðu og fiskur drapst í miklu magni í óveðrum. Undirkæling varð í innanverðum Flóanum. Frá árinu 1980 er vitað um að lagnaðarís hafi valdið tjóni í fiskeldi í Hvalfirði á árunum 1988 og 1989, en eldið var ekki stundað allt árið á þessu tímabili. Líklegt er að við heilsárseldi geti tjón vegna lagnaðarís orðið mun tíðari. Sjávarhitamælingar sem gerðar hafa verið í Hvammsvík í Hvalfirði sýna að sjávarhitinn getur farið undir -1°C (Hafrannsóknastofnun). Auk þessa er mikil skipaumferð um sunnanverðan flóann, með norðurströnd Reykjaness að þéttbýli við Stakksfjörð og athafnasvæðinu í kringum flugvöllinn í Keflavík svo og til höfuðborgarsvæðisins, sem eykur hættuna á tjónum.

Svæði 2. Í Breiðafirði innan línu sem dregin er frá Hellissandi að Látrabjargi.

Í Breiðafirði eru margar góðar laxveiðiár auk sterkra stofna sjósilungs sem víða eru. Um 6 % af heildarlaxveiði landsins í fjölda talið fer fram í ám í Breiðafirði. Helstu laxveiðiár svæðisins eru Laxá í Dölum, Haukadalsá, Fáskrúð og Flekkudalsá á Fellsströnd. Margar minni veiðiár eru á Skógarströnd og Skarðsströnd auk silungsstofna þar og á Barðaströnd.

Utanverður fjörðurinn er opinn og skjóllítill. Víða er grunnt næst landi. Hætta stafar af lagnaðarís og undirkælingu einkum við innanverðan fjörðinn. Mikil fallaskipti valda meiri kælingu sjávar næst landi og stuðla að reki lagnaðaríss. Mælingar sýna að veruleg hætta er á undirkælingu og má þar nefna mælingar frá Flatey, Skarðsströnd og Stykkishólmi. Á tímabilinu 1991-1999 fór sjávarhiti vel undir 0°C , sex af níu árum við Flatey (Hafrannsóknastofnun). Í skýrslum Veðurstofunnar eru margar heimildir um lagnaðarís á Breiðafirði og ísrek út fjörðinn. Þessar umhverfisaðstæður gera kvíaeldi varasamt á Breiðafirði og er rétt af þeim sökum, vegna veiðihagsmuna og náttúrulegra stofna að hann sé friðaður.

Svæði 3. Í Húnaflóa og Skagafirði innan línu sem dregin er frá Geirólfsgrúp að Siglunesi

Til Húnaflóa falla margar góðar laxveiðiár með 14 % af heildarlaxveiði landsins og sterkir sjósilungsstofnar eru í flóanum. Laxveiði er í nokkrum ám í Skagafirði og sterkir sjóbleikjustofnar. Helstu laxveiðiár í Húnaflóa eru Hrútafjarðará, Miðfjarðará, Víðidalsá, Vatnsdalsá, Laxá á Ásum og Blanda. Þá eru ótaldar margar smærri ár auk mikillar sjóbleikju. Í Skagafirði er sjóbleikja ríkjandi tegund en lax er allvíða í vatnakerfi Héraðsvatna og þar eru einnig sjóbirtingsstofnar.

Aðstæður eru um margt óhagstæðar til kvíaeldis á þessu svæði og eykur það hættuna á óhöppum og að fiskur sleppi, væri þar kvíaeldi. Í mælingum (Hafrannsóknastofnun) kemur fram að sjávarhiti er lágur í Húnaflóa. Á árunum 1988-1989 fór sjávarhitinn við Skagaströnd undir -1°C öll árin, svipaðar niðurstöður fengust einnig í mælingum við Hólmavík. Úr skýrslum Veðurstofunnar má lesa að frá árinu 1980 hefur hafis komið upp að norðanverðum Vestfjörðum tíu ár af tuttugu, þar af hefur hafis komið nokkur ár í utanverðan Húnaflóa. Á hafisárunum (1965-1970) var isinn í innanverðum Húnaflóa og eitt árið fór hann inn fyrir Hólmavík í Steingrímsfirði. Svipaðar aðstæður ríkja með tilliti til sjávarhita í Skagafirði, auk þess sem fjörðurinn er opinn og skjóllitill.

Svæði 4. Við Skjálfanda innan línu sem dregin er frá Bjarnarfjalli að Tjörnesstá.

Í Skjálfanda fellur Laxá í Aðaldal og Skjálfandafljót en í báðum er lax og silungsstofnar er ganga til sjávar. Laxá er ein þekktasta á landsins og heyrir vatnakerfi hennar undir Ramsar sáttmálann er litur að friðun votlendisvistkerfa. Laxá og þverár hennar hafa á 3 þúsund laxa meðalveiði. Svæðið allt gefur rúm 6 % af heildarlaxveiði landsins.

Flóinn er skjóllitill og því óheppilegur fyrir sjókvíaeldi. Í sjávarhitamælingum á árinu 1989 koma fram að sjávarhitinn fór vel undir 0°C við Húsavík (Hafrannsóknastofnun). Hafis kom í Skjálfanda á hafisárunum og á árinu 1979 lokaði hafis Húsavíkurhöfn (Veðurstofan), sem gerir flóann varasaman til kvíaeldis þar sem hættan á að fiskur sleppi er mikil.

Svæði 5. Við Norðausturland innan línu sem dregin er frá Hraunhafnartanga að Fonti á Langanesi og frá Fonti að Glettinganesi.

Á norðaustur hluta landsins, það er á Melrakkaslétu, í Þistilfirði, við Bakkaflóa og í Vopnafirði eru mörg einstök vatnakerfi með sterkum laxfiskastofnum sem gefa um 7 % af heildarveiði landsins. Sjóbleikja er í mörgum vötnum á Melrakkaslétu og einnig í ám í Þistilfirði, Bakkaflóa og Vopnafirði. Góðar og þekktar laxveiðiár eru í Vopnafirði það eru Hofsa, Vesturdalsá og Selá og í Þistilfirði það eru Hafralónsá og Sandá auk Ormarsár og Deildarár á Slétu. Þá eru vantaldar margar minni ár. Miklar sveiflur í stofnstærð lax á sér stað í þessum ám og gerir það stofna á þessu svæði viðkvæma fyrir utanaðkomandi áhrifum.

Kvíældi er varasamt á þessum slóðum vegna umhverfispáttá. Þessir firðir og flóar eru allir opnir og skjóllitlir, sjávarhiti er lágur og hafishætta talsverð. Á hafisárunum og 1979 var landfastur ís á þessu svæði og 1988 var dreifður ís úti fyrir norðausturhluta landsins (Veðurstofan). Hafis getur því valdið verulegu tjóni á sjókvíum og eldislax sloppið á þessu svæði væri þar sjókvíældi.

Reykjavík 15. mars 2001

Virðingarfyllst,



Sigurður Guðjónsson

F. h. Veiðimálastofnunar